

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1999 og gildir til 1. janúar 2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. desember 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Norðmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 498, 12. ágúst 1998, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Í stað „31. desember 1998“ í B.-lið 2. gr. komi: 31. ágúst 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 11/1998 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda er lauk 31. júlí 1998.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1997 og eigna í lok þess árs 19. janúar 1999 í stað 22. desember 1998.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.